

Minnisblað dags: 26.05.2021 KIA
Heiti: Staða framkvæmda
Fyrirtæki: Dalabyggð, Dalaveitur ehf.
Inngangur: Farið yfir stöðu helstu framkvæmda á vegum Dalabyggðar.
Athugasemdir:

Dalaveitur ehf:

Ísland ljóstengt 2021 (LJÓS21)

Dalabyggð hefur fengið úthlutun úr Ísland ljóstengt 2021 til tengingar á þremur stöðum. Til stendur að kalla eftir umsóknum frá notendum viðkomandi staða. Í framhaldinu verða lagnaleiðir yfirfarnar og heimtaugarnar plægðar í sumar og tengdar.

Ráðinn hefur verið starfsmaður til að sinna hnitsetningu á ljósleiðara. Viðkomandi er þessa dagana að hefja störf.

Dalabyggð, fjárfestingar:

Íþróttamiðstöð í Búðardal, undirbúningur (ÍÞRBDL)

Áætlunargerð og hönnun á íþróttamiðstöð. Gerð kostnaðaráætlana, frumhönnun, forhönnun o.s.frv. með vörðum. Sérstakur starfshópur sveitarstjórnar fylgir verkefninu eftir.

Staða: Búið að svara arkitektum sem tóku þátt í hugmyndavinnu. Búið að semja við Verkís um að koma að frumhönnun og gerð ítarlegri kostnaðaráætlunar en lá fyrir við mat á tillögu arkitekta.

Áætlun: Fá kostnaðaráætlun frá Verkís og meta hvort á hvaða forsendum farið verði í forhönnun.

Dalabúð, kjallari (DALAB'21)

Leggja nýtt gólfefni á kjallargólf vesturálmu (salerni + fatahengi), loka af og setja hurð (m.a. flóttaleið) yfir í geymslur undir matsal. Mála og gera rými þrífalegt og nothæft fyrir útleigu félagsheimilis.

Staða: Búið að útvega gólfefni og undirlag.

Áætlun: Vinna við gólfögn og frágang verður sett í verðkönnun. Búið að magntaka en eftir að klára gögn. Stefnt á að senda út verðkönnun í júníbyrjun.

Auðarskóli, viðhald (GRUN21)

Ýmislegt minna viðhald og frágangur fyrri framkvæmda. Ekki búið að setja niður endanlegan viðhaldslista með skólastjóra.

Staða: Engar framkvæmdir hafnar, samráð hafið við skólastjóra.

Áætlun: Taka saman lista og forgangsraða fyrir sumarið.

Auðarskóli, leiksvæði (LEIKSV)

Viðhald og endurbætur vegna athugasemda við aðalskoðun leiksvæða Auðarskóla. Ath að ekki er sér liður fyrir þessu í kostnaðaráætlun.

Staða: Beðið eftir varahlutum í leiktæki, búið að panta. Búið að taka saman lista yfir aðgerðir og úthluta lang flestum.

Áætlun: Fylgja eftir og endurskoða hvort endurúthluta þurfi aðgerðum annarra.

Silfurtún, viðhald (SILFUR21)

Endurnýjun gólfefna og eldhúsinnréttingar í tveimur íbúðareiningum. Þétting utan með nýjum gluggum í norðurálmum og yfirferð þéttilista opnanlegra faga í suðurálmum. Endurnýjun/viðgerð á pumpum á svalahurðum. Viðgerð á útvegg og gólfefni vegna raka í nokkrum íbúðarrýmum. Uppsetning á hljóðdeyfiplötum í matsal/miðrymi.

Umsókn í framkvæmdarsjóð aldraðra fyrir ofangreindu er nýsamþykkt. Þarf að færa inn sem viðauka.

Staða: Búið að endurnýja gólfefni og innréttingu í einu íbúðarrými. Búið að fá tilboð og staðfesta í ljósleiðarainntak hjá Mílu.

Áætlun: Undirbúa og kom af stað ytri vinnu við hurðar og glugga. Innri vinna unnin seint í sumar eða byrjun hausts.

Fráveita, útrás (FRÁVEITA21)

Niðurföll og malbikun við hafnarsvæði, frágangur eftir lagningu stofnlagnar síðasta haust.

Innkaup og undirbúningur hreinsistöðvar fyrir útrás frá Búðardal. Uppsetning áætluð 2022.

Staða: Búið að sækja um styrk til ríkisins vegna framkvæmda 2020 og áætluðum framkvæmdum 2021-24.

Áætlun: Undirbúa og ráðstafa verktaka í gróft og niðursetningu niðurfalla og lagna og jöfnun undir malbik. Ath þarf verð og tímasetningar fyrir malbik.

Gatnagerð (GÖTUR21)

Undirbúningur og jarðvegsskipti fyrir lengingu lðjubrautar í nýskipulögðu iðnaðarhverfi. Flytja þarf núverandi gróðurtepp og koma upp á nýjum stað. Frágangur á uppgreftri vegna lengingu Bakkahvamms.

Staða: Haugur við Bakkahvammur var færður í stæði fyrir verðandi hljóðmön við þjóðveg.

Áætlun: Undirbúa nýjan gróðurtepp, í skoðun tillaga um svæðið neðan ristahliðs norðan megin.

Deiliskipulagið hefur ekki verið formlega staðfest, stefnt á jarðvegsskipti síðsumars eða með haustinu.

Sorp, tunnuskýli og ílát (SORP21)

Kaupleiga á sorpílátum fyrir heimili og stofnanir, fyrsta árið af þremur. Smíði og uppsetning á tunnuskýlum fyrir stofnanir sveitarfélagsins og grenndarstöðvar fyrir sumarhús.

Staða: Gámafélagið búið að afhenda öll ný ílát. Búið að patna og fá hluta af steiptum einingum í skýlin, restin rétt væntanleg. Búið að panta timbur. Auglýst verðkönnun fyrir smíði og uppsetningu, bærust engin tilboð.

Áætlun: Leita eftir verðum og ráðstafa verktaka í gerð tunnuskýla. Var stefnt á verklok í lok júní en gæti þurft að seinka aðeins ef enginn fæst í verkið á þeim forsendum.

Verkefni, nánar (verkefnakóti)

Stutt lýsing á verkefni og hvað eigi að gera.

Staða: Verkstaða

Áætlun: Verkáætlun/ næstu skref